

Reykjavík 30. maí 2023

Velferðarnefnd Alþingis

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni, 807. mál

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni. Fíh mælir ekki með því að settur verði á fót slíkur starfshópur þrátt fyrir uppfærðar upplýsingar um tilraunaverkefni í Danmörku. Fíh vísar til fyrri umsagna um sama mál í mars 2018 og júní 2021.

Áður en nýtt lyf kemst á markað eru framkvæmdar vísindalegar og viðamiklar rannsóknir. Niðurstöður þeirra rannsókna eru metnar af lyfjafirvöldum til að staðfesta gæði og öryggi lyfs. Á Íslandi gilda lyfjalög og reglugerðir um framleiðslu lyfja og er því lagarammi til staðar nú þegar, ef ætlun er að framleiða lyf á Íslandi.

Vísindalega sannaður ávinningur af notkun kannabis í læknisfræðilegum tilgangi er veikur og erfitt hefur verið að sýna fram á virkni þess við þeim kvillum sem haldið er fram að það virki á. Kannabis vörurnar í tilrauninni í Danmörku eru mismunandi á hverjum tíma og þurfa ekki að standast kröfur um vísindalegar gæðarannsóknir. Af því leiðir að ómögulegt er að mæla áhrif, virkni, hliðar- og aukaverkanir. Aðferðin sem notuð er í tilraunaverkefni Dana bætir litlu við þann vísindalega þekkingargrunn sem nauðsynlega þarf til þess að meta hvort lyf teljist örugg og gagnleg.

Því telur Fíh ekki ráðlegt að líta til tilraunaverkefnis Dana við ákvarðanatöku um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni ásamt þeim rökum sem eru tiltekin í fyrri umsögnum.

Að lokum vill Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga koma á framfæri vilja sínum að frekari vinnu við verkefnið ef við á.

Virðingarfyllst,



Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga